

Nr. 075 / 11 Gammur BA 82**Vélarbilun, strandar og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7284
Smíðaður: Blönduósi 1987 Plast
Stærð: 7,86 brl. 6,42 bt.
Mesta lengd: 8,57 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 2,9 m Dýpt: 1,69 m
Vél: Iveco 176 kW 1987
Fjöldi skipverja: 1



Gammur©Emil Páll Jónsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2011 var Gammur BA 82 á handfæraveiðum í Patreksfjarðarflóa. Veður: NA 10 m/sek.

Þegar bátsverjinn ætlaði að kippa á veiðislóðinni fór vélin ekki í gang vegna lítillar spennu frá rafgeymum fyrir vélin. Hugðist hann tengja rafmagn frá rafkerfi handfæravinda og var að vinna í því þegar hann tók eftir að bátinn rak upp að fjörunni. Hann óskaði eftir aðstoð og lét drekann fara en taugin slitnaði niður við keðju. Nokkrir bátar voru á veiðum í flóanum og reyndi einn þeirra að koma taug í Gamm BA án árangurs svo hann rak upp í fjöru í Bolanesi undan Kálfadal.

Björgunarskipið Vörður dró Gamm BA úr fjörunni og til hafnar í Tálknafirði þar sem hann var tekinn á land. Í ljós komu skemmdir á skrúfu og tvö göt á bolnum.

Við rannsókn kom fram:

- að áður en bátsverjinn fór að tengja rafmagn milli kerfa var rek bátsins meðfram landinu;
- að fóðring í startaranum var biluð. Þegar hann stöðvaðist í ákveðinni stöðu tók hann stöðugt til sín rafmagn og tæmdi geymanna sem voru nýir;
- að nokkru áður voru vandræði með rafmagn og í ljós kom að rafall hafði gefið sig vegna álags sem rekja má til ástands startarans;
- að taugin sem slitnaði var 16 mm (nylon) og að sögn eiganda var hún nýleg.

Nefndarálit:

Nefndin telur að rekja megi strand bátsins til bilunar í startara.